

Íbúaráð Kjalarness

Ár 2024, fimmtudagurinn, 14. mars, var haldinn 46. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Klébergsskóla og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Kristjana Þórarinsdóttir, Ellen Calmon, Guðfinna Ármannsdóttir, Hildur Guðbjörnsdóttir, Olga Ellen Þorsteinsdóttir og Þorkell Sigurlaugsson. Fundinn sátu einnig Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð og Ragnar Harðarson.

Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að umsögn íbúaráðs Kjalarness dags 14. mars 2024 ásamt bréfi Skipulagsgáttar, dags. 22. febrúar 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi. USK23030130
Samþykkt.

Íbúaráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið óskar eftir því að haldin verði opinn íbúafundur þar sem breytingar á Aðalskipulagi í Álfsnesi verði teknar til kynningar líkt og gert var varðandi Sundabraut enda er skotsvæðið ekki síður mikilvægt mál í hugum íbúa. Lagt er til að slíkur kynningarfundur færi fram fyrir íbúa áður en athugasemdafrestur er liðin þann 4. apríl næstkomandi. Sé ekki mögulegt að halda slíkan fund fyrir lok athugasemdafrests leggur ráðið til að athugasemdafrestur verði framlengdur svo íbúar hafi tækifæri til senda athugasemdir í kjölfar íbúafundar.

Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 2. febrúar 2024, um verkhönnun verkefna fyrir Hverfið mitt á Kjalarnesi. MSS22020075

Guðný Bára Jónsdóttir og Heiða Hrund Jack taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 26. janúar 2024 um samþykkt verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. MSS23090170
- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 4. mars 2024, um opnun fyrir umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS23030157
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
- Fram fer umræða um framkvæmdir í Fólkvangi. MSS22090034

Íbúaráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið vill koma á framfæri ánægju íbúa með nýyfirstaðnar framkvæmdir á félagsheimili okkar Kjalnesinga, Fólkvangi.

Fundi slitið kl. 17:50

Kristjana Þórarinsdóttir

Ellen Calmon
Þorkell Sigurlaugsson
Guðfinna Ármannsdóttir

Hildur Guðbjörnsdóttir
Olga Ellen Þorsteinsdóttir